



Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins

Ráðherra segir kynbundinn launamun óviðunandi

Frumvarp til nýrra jafnréttislaga felur í sér framsæknar tillögur sem eiga að stuðla frekar að jafnrétti kynjanna, auka skilvirkni og efla úrræði. Frumvarpið er í opnu umsagnarferli á netinu.

„Við stöndum framfarlega í alþjóðlegum samanburði hvað jafnrétti varðar“, segir Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra. „En við teljum að við þurfum að ná enn betri árangri. Kynbundinn launamunur nemur 15,7% samkvæmt könnun Capacent Gallup og aðrar kannanir sem gerðar hafa verið hér og annars staðar á Norðurlöndum gefa sömu vísbendingar. Það er óviðunandi og ég mun leita allra leiða til að jafna hann.“

Þverpólitísk nefnd undir forystu Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara, samdi frumvarpið. Meðal tillagna í því er að heimila launamanni að gefa þriðja aðila upplýsingar um laun sín og starfskjör og byggist hún á fordæmi úr dönskum lögum.



Guðrún Erlendsdóttir nefndarformaður og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra kynntu sameiginlega niðurstöðu nefndarinnar á blaðamannafundi.

„Nefndin taldi einsýnt að taka yrði á þessu máli af festu og að sú skylda hvíldi á vinnumarkaðnum að framkvæma jafnréttislögin, þar á meðal jafnlaunaregluna. Þau jafnréttislög sem sett voru fyrir rúmum 30 árum og lögin frá 1961 og önnur lög á þessu sviði hafa ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt og þess vegna virðist mér óhjákvæmilegt að herða lögin.“

Magnús Stefánsson segir ofur eðlilegt að víðtækar tillögur eins og þær sem felast í frumvarpi til nýrra jafnréttislaga og búast megi við að hafi mikil áhrif á samfélagið fái ítarlega umræðu áður en þær eru afgreiddar úr félagsmálaráðuneytinu í ríkisstjórn.

„Betur sjá augu en auga“, segir Magnús og væntir þess að leggja megi fram frumvarp á næsta þingi með hliðsjón af þeim umsgnum sem berast.

„Þar eru tillögur um að efla starfsemi Jafnréttisstofu, sektarákvæði, ákvæði um ákveðið kynjahlutfall í opinberum nefndum, ráðum og stjórnnum og auk þess er lagt til að jafnréttisumsögn fylgi öllum stjórnarfrumvörpum á Alþingi.“

Lögin um fæðingarorlofsgreiðslur eru að mati félagsmálaráðherra ekki síður mikilvæg til að jafna stöðu karla og kvenna á íslenskum vinnumarkaði.

„Enn skortir nokkuð á jafna stöðu“, segir hann, „en það er meðal annars sökum þess að fæðingarorlofið er of stutt. Konur brúa fremur en karlar tímabilið milli loka orlofs og leikskóla með því að hverfa af vinnumarkaði eða minnka starfshlutfall, en ég leyfi mér að fullyrða að þróunin er í átt til jafnar umhyggjuábyrgðar innan fjölskyldunnar. Ef til vill er það líka eitt af mikilvægustu skrefunum sem við getum tekið í jafnréttisátt.“ ■

Jafnréttisfrumvarp í umsagnarferli



Sumarið 2006 skipaði félagsmálaráðherra hina þverpólítísku nefnd sem endurskoðaði efni laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla enda voru þá liðin 30 ár frá gildistöku fyrstu jafnréttislaganna. Guðrún Erlendsdóttir tók einnig þátt í lagasmíðinni þá.

Umboð nefndarinnar til endurskoðunar laganna var rúmt, en lögð var áhersla á samráð við samtök á vinnumarkaði, Kvenréttindafélag Íslands og aðra aðila sem láta sig jafnréttismál varða. Við gerð frumvarpsins hafði nefndin sérstaklega til hliðsjónar lög og skipan jafnréttismála annars staðar á Norðurlöndum.



„Lögin um fæðingarorlofsgreiðslur hafa ljóslega aukið frjósemi og Ísland og Tyrkland eru nú einu ríkin í Evrópu þar sem frjósemi dugur til viðhalds þjóðarinnar.“

Þetta segir Ingólfur V. Gíslason, sérfræðingur á Jafnréttisstofu, sem hefur meðal annars rannsakað áhrif fæðingarorlofs fedra hér á landi. Hann bendir á að þátttaka fedra í fæðingarorlofi nemi um 90% og vafalaust séu fleiri fedur en nokkru sinni áður virkir við umönnun lítilla barna sinna.

„Að öllum líkindum stafar þetta fyrst og fremst af tekjutengingu greiðslna og því mun betri fjárhagslegri stöðu barnafjölskyldna en áður.“

Niðurstaða nefndar um endurskoðun jafnréttis laga er komin í opið umsagnarferli og birt á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins. Þar gefst öllum tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um það frumvarp til nýrra jafnréttis laga sem nefndin vann undir forystu Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Helstu nýmæli í frumvarpinu

- Lagt er til að Jafnréttisstofa fái heimild til að krefja stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur og félagasamtök um allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna verkefna hennar og athugunar á einstökum málum. Verði upplýsingar ekki veittar er lagt til að heimilt sé að leggja á dagsektir. Ráðherra setur nánari ákvæði um sektargreiðslur í reglugerð.
- Lögð eru til ýmis nýmæli að því er varðar málsmeðferð fyrir kærunefnd, svo sem um fresti til að kæra mál og kveða upp bindandi úrskurði. Einnig eru ákvæði um að nefndin geti ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar með nánar tilteknum skilyrðum og geti einnig ákveðið að sá sem kæra beinist gegn greiði kæranda kostnað við að hafa kærana uppi og sé kæra bersýnilega tilefnislaus geti nefndin úrskurðað kæranda til að greiða málskostnað. Þá er lagt til að gjafsókn verði veitt kæranda sem unnið hefur mál fyrir kærunefnd jafnréttismála ef gagnaðili hefur höfð mál til ógildingar úrskurðinum.
- Lagt er til að fjölgað verði í Jafnrétti og að verkefni ráðsins verði ákveðin í þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum sem félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi. Þá er einnig lagt til að ráðið taki þátt í undirbúningi jafnréttisþings sem haldið verði á tveggja ára fresti.
- Lagt er til að jafnréttisáætlunum fyrirtækja sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri fylgi framkvæmdaáætlun um þau atriði sem vinna skal að til að ná fram jafnrétti kynjanna á vinnustaðnum. Þessar áætlanir skal endurskoða á þriggja ára fresti og gefa skýrslu til Jafnréttisstofu um framgang mála. Verði þessu ekki sinnt sé heimilt að leggja dagsektir á viðkomandi fyrirtæki en ráðherra setji nánari ákvæði um sektirnar í reglugerð.
- Lagt er til að launamanni sé hvenær sem er heimilt að veita þriðja aðila upplýsingar um laun eða önnur starfskjör sín.
- Lagt er til að menntamálaráðherra ráði jafnréttisráðgjafa sem fylgi eftir ákvæðum 21. gr. frumvarpsins um menntun og skólustarf og veiti ráðgjöf í jafnréttismálum.



Nyamko Sabuni og Magnús Stefánsson, ráðherrar jafnréttismála á Íslandi og í Svíþjóð, á fundi norræna jafnréttisráðherra í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

- Að því er varðar tilnefningar í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga er lagt til að skylt sé að tilnefna bæði karl og konu og skipunaraðili gæti þess að hlutfall hvors kyns verði sem jafnast og ekki minna en 40% (þriðjungur í þriggja manna nefndum).
- Lagt er til að taka skuli mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starf samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verði annars að komi að gagni í starfinu þegar meta skal hvort ákvæði 26. og 27. gr. frumvarpsins hafi verið brotin.
- Lagt er til að jafnréttisumsögn fylgi öllum stjórnarfrumvörpum á Alþingi.

Íslensk dagskrá á kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna



(Aftari röð f.v.) Sjöfn Vilhelmsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Drífa Óttarsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir, Birna Þórarinsdóttir, Ingi Valur Jóhannsson, Ingólfur V. Gíslason, Þorbjörg I. Jónsdóttir, Emil Breki Hreggviðsson og Guðrún Jónsdóttir. (Fremri röð f.v.) Hjálmar W. Hannesson, Ásta Möller, Magnús Stefánsson, Ragnhildur Arnjóltsdóttir og Margrét Pála Ólafsdóttir.

Félagsmálaráðuneytið efndi í samvinnu við frjáls félagasamtök til sérstakrar dagskrár í tengslum við fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York.

Fjallað var um ýmsar leiðir sem farnar hafa verið á Íslandi til að stuðla að jafnrétti. Jafnréttisþróunin á Íslandi sker sig að sumu leyti frá þróuninni í öðrum ríkjum Norðurlanda, svo sem hvað varðar kvennafrídag, kvennalista, fæðingarorlofslögin og þátttöku karla í jafnréttisbaráttunni.

Einstaklega mikil þátttaka íslenskra fedra í fæðingarorlofi og Hjallastefnan, sem Margrét Pála Ólafsdóttir kynnti, þóttu mjög athyglisverð.

„Það er afar ánægjulegt hve margar þjóðir leita til okkar um samstarf og ráðgjöf varðandi fæðingarorlof fedra“,

sagði Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra að loknum fundinum.

„Fulltrúar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og einstakra landa innan og utan Evrópu sýndu áhuga á samstarfi á þessu sviði og fleirum og við munum kappkosta að sinna því vel enda er slíkt samstarf allra hagur.“

Fulltrúar Íslands ásamt fulltrúum Danmerkur og Noregs stóðu enn fremur fyrir málstofu undir yfirskriftinni „The Nordic Father: Role Model for a Caring Male?“

Magnús Stefánsson opnaði fundinn og Ingólfur V. Gíslason sagði frá íslensku fæðingarorlofslöggjöfni og áhrifum hennar á íslenskt samfélag.

Ísland skipar til ársins 2008 sæti Norðurlandanna í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna.

Er þetta í fyrsta sinn sem Ísland á sæti í nefndinni og hafa Íslendingar verið mjög virkir en félagsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið vinna sameiginlega að verkefninu.



Regluleg móttaka flóttamanna

Tekið verður á móti allt að 30 flóttamönnum í ár



Sæunn Stefánsdóttir, alþingismaður og formaður innflytjendaráðs, afhenti félagsmálaráðherra tillögu ráðsins að stefnu um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Ríkisstjórnin samþykkti tillöguna og er það í fyrsta sinn sem íslensk stjórnvöld móta sér heildræna stefnu í þeim efnum. Markmiðið er að tryggja sem best að allir íbúar landsins njóti jafna tækifæra og verði virkir þátttakendur á sem flestum sviðum samfélagsins.

Á grundvelli samkomulags sem Mag Stefánsson félagsmálaráðherra og Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra gerðu hefur ríkisstjórnin ákveðið að taka á móti hópi flóttama á hverju ári.

Utanríkisráðuneytið stendur straum af kostnaðinum en félagsmálaráðuneytið annast framkvæmd verkefnisins í samstarfi við flóttamannanefnd og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR).

Móttaka Íslendinga á flóttamönnum hefur vakið athygli á vettvangi Flóttamannastofnunarinnar sem hefur óskað eftir samstarfi við Íslendinga þar sem verklag sem beitt hefur verið hér þykir til fyrirmyndar.



Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra og Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra.

Ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt að tillögu félagsmálaráðherra og utanríkisráðherra að taka á móti 25-30 flóttamönnum á þessu ári. ■

Orðskýringar og leiðbeiningar á Ísland.is

Fjölmenningarsetrið á Ísafirði lét taka saman umfangsmiklar upplýsingar fyrir útlendinga sem birtar eru hjá þjónustuveitunni Ísland.is, bæði margháttaðar leiðbeiningar á nokkrum tungumálum og orðskýringar sem gagnast innflytjendum og raunar öllum notendum vefsins.

island.is

Orðskýringarnar voru unnar í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Með orðskýringunum er stigið mikilvægt skref í þá átt að auðvelda þeim sem ekki hafa íslensku að móðurmáli að læra íslensku. Lögð er áhersla á að skýra þau orð sem er nauðsynlegt að kunna skil á í samskiptum við stjórnvöld, svo sem „álagningarseðill“, „foreldravíðtal“ og „persónuafsláttur“.



Fjölmenningarsetrið, sem staðsett er að Árnagötu 2 á Ísafirði, er tilraunaverkefni á vegum félagsmálaráðuneytisins. Stofnunin hefur það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við útlendinga sem búsettir eru á Íslandi.

Við opnun vefsins var lögð áhersla á að miðla upplýsingum um allt það helsta sem fólk, sem vill setjast að á Íslandi, þarf að hafa í huga, svo sem hvernig lögheimilisskráningu er háttað og af hverju hún skiptir miklu máli, helstu atriði varðandi fjölskyldusameiningu, hvar íslenskukennsla sé í boði og þar fram eftir götunum.

Fjölmenningarsetrið mun uppfæra og bæta við upplýsingum eftir því sem þörf krefur.

Ísland.is er samstarfsverkefni ríkisstofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga og er eitt mikilvægasta verkefnið í stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið fyrir árin 2004–2007, „Auðlindir í allra þágu“.

Vefurinn er upplýsinga- og þjónustugátt með heildstæðum upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Á Ísland.is verður auk þess hægt að nálgast nánast öll eyðublöð ríkisins á einum stað. ■

Ný löggjöf um útsenda starfsmenn

Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Styrkari stoðum rennt undir vinnumarkaðinn

„Nauðsynlegt var að herða tökin, skerpa ábyrgð fyrirtækja og treysta innviði vinnumarkaðarins“, segir Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra. „Eins og ég hef bent á hefur um langt skeið verið unnið að því í ráðuneytinu að skýra og bæta stöðu erlends verkafólks hér á landi. Þessi lög eru meðal annars afrakstur af þeirri vinnu.“

Starfshópurinn sem samdi frumvarpið taldi mikilvægt að styrkja stoðir vinnumarkaðskerfisins að því er varðar erlend fyrirtæki sem senda starfsmenn sína tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu á grundvelli samningsins um evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

„Þetta er mikið framfaraspör“, segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar. „Segja má að búíð sé að loka hringnum. Félagsmálaráðherra hefur haft forgöngu um að setja lög um starfsmannaleigur, atvinnuréttindi útlendinga og nú síðast um útsenda starfsmenn sem efla eftirlit og eftirfylgni með að réttindi og skyldur erlendra starfsmanna séu virt.“

Frumvarpið var unnið í starfshópi sem félagsmálaráðherra skipaði í júní 2006 um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins auk fulltrúa félagsmálaráðuneytis.

Markmið:

- Veita íslenskum stjórnvöldum betri yfirsýn yfir stöðuna á innlendum vinnumarkaði að því er varðar starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja hér á landi sem og fjölda erlendra starfsmanna er starfa hjá slíkum fyrirtækjum.
- Unnt verði að viðhalda því eftirliti sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði með því að ákvæði laga og kjarasamninga séu virt svo treysta megi stöðu starfsmanna sem sendir eru tímabundið hingað til lands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu, en miðað er við að íslensk lög og kjarasamningar gildi um þá meðan þeir starfa hér á landi.
- Útlendingar sem koma hingað tímabundið á vegum erlendra fyrirtækja dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar um þá verði til.

Gildissvið:

- Gildir um fyrirtæki sem hafa staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA-ríki eða Færeyjum og sendir starfsmann tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu.
- Gildir um starfsmannaleigur til viðbótar við gildandi lög um starfsmannaleigur.

Upplýsingaskylda erlendra fyrirtækisins:

- Vinnumálastofnun upplýst eigi síðar en átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt ef þjónustan á að vara lengur en tíu virka daga hér á landi.
- Vinnumálastofnun staðfestir að hafa fengið upplýsingarnar og fyrirtækið afhendir notendafyrirtækinu þessa staðfestingu.
- Fyrirtæki sem veitir þjónustu á sviði hvers konar bygginga- og mannvirkjagerðar og semur við undirverktaka um veitingu þjónustunnar í heild eða að hluta skal afhenda notendafyrirtækinu skriflega staðfestingu um að undirverktakinn/ undirverktakarnir hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína hjá Vinnumálastofnun.

- Vinnumálastofnun skal tilkynnt um sérstakan fulltrúa fyrirtækisins hér á landi ef fyrirtækið veitir þjónustu hér lengur en í fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum og sex eða fleiri starfsmenn veita þjónustuna.

Skyldur notendafyrirtækis hér á landi:

- Ef notendafyrirtæki fær ekki staðfestingu Vinnumálastofnunar hjá fyrirtæki um að fyrirtækið eða undirverktakar hafi veitt Vinnumálastofnun upplýsingar er notendafyrirtækinu skylt að láta Vinnumálastofnun vita.

Lög og kjarasamningar hér á landi:

- Markmiðið er að erlendu starfsmennirnir fái laun og önnur starfskjör í samræmi við íslensk lög og íslenska kjarasamninga á meðan þeir starfa hér á landi, þar með talin réttindi í tengslum við veikindi og/eða slys og bætur vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku.
- Undanþága er veitt við vissar aðstæður og ef viðkomandi starfsmaður verður hér á landi í átta daga eða skemur.

Eftirlit:

- Vinnumálastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laganna. Stofnunin getur kallað eftir upplýsingum frá fyrirtæki í þágu eftirlits enda hafi stofnuninni borist rökstudd kvörtun um að fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum laganna.
- Fari fyrirtæki ekki að fyrirmælum Vinnumálastofnunar þess efnis að fara að lögunum innan þess frests sem stofnunin veitir getur stofnunin krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi fyrirtækisins hér á landi þangað til úrbætur hafa verið gerðar.
- Vinnumálastofnun skal afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein og á viðkomandi svæði afrit af ráðningarsamningi starfsmanns óski stéttarfélagið eftir því enda liggja fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi.
- Eftirlit með því að erlend fyrirtæki sem veita þjónustu hér á landi greiði skatt fer fram með hefðbundnu skatteftirliti skattýfirvalda.

Upp undir 300 ný störf utan Reykjavíkur frá 1995

Verulegar breytingar hafa orðið á umfangi og þjónustu stofnana félagsmálaráðuneytisins á landsbyggðinni á árunum 1995 til 2005. Á þessu tímabili hafa störf verið flutt frá Reykjavík og stofnað til nýrra starfa utan borgarinnar en engin opinber störf á vegum ráðuneytisins og stofnana þess hafa horfið af landsbyggðinni.

Fjölgun starfa á að hluta til rætur að rekja til staðsetningar nýrra stofnana á landsbyggðinni og má þar nefna Jafnréttisstofu árið 2000 og Fjölmenningssetur árið 2001. Þá var hluti af starfsemi Íbúðalánasjóðs fluttur á Sauðárkrók árið 1999. Barnaverndarstofa hefur frá því hún var sett á laggirnar 1995 unnið að því að efla starfsemi sína á landsbyggðinni með þjónustusamningum við einkaaðila um rekstur meðferðarheimila. Árið 1996 tók Akureyrarkaupstaður við þjónustu við fatlaða á Eyjafjarðarsvæðinu með þjónustusamningi við félagsmálaráðuneytið. Önnur sveitarfélög og samtök sveitarfélaga sem hafa á þessum árum tekið að sér að annast þjónustu við fatlaða með samningum eru Bygðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra, Héraðsnefnd Þingeyinga, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vestmannaeyjabær. Með gildistöku laga nr. 13/1997 um vinnumarkaðsaðgerðir voru verkefni á sviði vinnumiðlunar flutt frá sveitarfélögum til Vinnuálastofnunar. Með því fjölgaði störfum á vegum stofnunarinnar á landsbyggðinni um allt að 25.

Breytingar á skipulagi og þjónustu stofnana ráðuneytisins skapa vanda við talningu starfa sem verða til utan Reykjavíkur eða eru flutt þaðan. Tekið skal fram að ársverk í töflunum hér til hliðar mæla einnig ráðningar starfsmanna í afleysingar svo sem vegna orlofs, fæðingarorlofs, veikinda og fleira. Fækkun ársverka þarf þannig ekki að benda til þess að störfum hafi fækkað.

Á tímabilinu frá 1995 til 2000 fluttust og urðu til ný störf og ársverk á landsbyggðinni hjá stofnunum ráðuneytisins eða á vegum þess sem hér segir:

	Störf	Ársverk
Vesturland	3,3	21,8
Vestfirðir	4,0	6,7
Norðurland vestra	14,5	3,2
Norðurland eystra	11,3	18,9
Austurland	3,0	3,0
Suðurland	3,3	4,7
Reykjanes	3,0	86,8
	42,3	145,1

Frá árinu 2001 til 2005 urðu til ný störf og ársverk á landsbyggðinni á vegum félagsmálaráðuneytisins og stofnana þess sem hér segir:

	Störf	Ársverk
Vesturland	0,0	-2,6
Vestfirðir	0,8	-2,5
Norðurland vestra	6,4	4,2
Norðurland eystra	2,8	11,9
Austurland	3,1	-1,8
Suðurland	1,8	24,0
Reykjanes	1,4	60,0
	16,3	93,2

Út frá framangreindum tölum, sem teknar voru saman vegna fyrirspurnar Önnu Kristínar Gunnarsdóttur alþingismanns, má áætla að á árunum 1995 til 2000 hafi orðið til 160 til 180 ný störf utan Reykjavíkur hjá stofnunum ráðuneytisins, en frá árinu 2001 til 2005 hafi orðið til á bilinu 90 til 100 störf.

Fleiri störf verða til á landsbyggðinni

Fæðingarorlofsjóður fluttist frá Tryggingastofnun ríkisins til Vinnuálastofnunar um síðastliðin áramót og voru skrifstofa og meginþjónusta hans staðsett á Hvammstanga. Þar með urðu til störf fyrir níu manns á Hvammstanga.

Störfum hjá Fjölmenningssetri á Ísafirði fjölgaði um 0,8 árið 2006 og með nýgerðum samningum við Akureyrarkaupstað og Bygðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlaða áætlað ráðuneytið að störfum hjá Akureyrarkaupstað og bygðasamlaginu fjölgi um 12 til 15 á árunum 2007 til 2009.

Í apríl á þessu ári mun hluti af starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs flytjast frá Reykjavík á Skagaströnd. Þangað flytjast sex til átta störf.

Í tengslum við áttak ráðuneytisins til að bæta þjónustu og fjölga búsetuúrræðum fyrir geðfatlað fólk áætlað ráðuneytið að störfum á landsbyggðinni fjölgi um 20 til 25 á árunum 2007 til 2010. Þessi nýju störf verða bæði hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra og sveitarfélögum sem tekið hafa að sér þjónustu við fatlaða samkvæmt samningum við ráðuneytið. ■

Verkefnaflutningur

Á árlegum samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga var ákveðið að Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra, Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, færu sérstaklega yfir efnahagsmál og fjármáleg samskipti ríkis og sveitarfélaga ásamt kjaramálum fyrir landsþing sambandsins 23. mars næstkomandi.

Jafnframt var ákveðið að hefja formlegar viðræður um að sveitarfélög taki við verkefnum sem ríkið hefur á sinni könnu og var í því sambandi rætt um málefni fatlaðra og aldraðra. ■

Árni M. Mathiesen
og Magnús Stefánsson bera
saman bækur sínar á samráðsfundinum.


Ómarkviss umræða um innflytjendur

Neikvæðri umræðu um innflytjendamál í fjölmiðlum á síðasta fjórðungi ársins 2006 var mætt með jákvæðri umræðu svo segja má að orðið hafi jafntefli. Umræðan var hins vegar ómarkviss. Hún snerist um innflytjendur almennt þótt til hennar hafi verið stofnað vegna friðsáttmála launafólks innan evrópska efnahagssvæðisins. Raunar var umræða um atvinnu- og kjaramál í tengslum við erlent starfsfólk stundum meiri fyrr á árinu heldur en þá.

Fjölmiðlavaktin tók að beiðni félagsmálaráðherra saman umfjöllun um innflytjendur og erlent launafólk í helstu dagblöðum og ljósvakamiðlum á árinu 2006 og greindi hana meðal annars eftir mánuðum og efnistöðum.


Um er að ræða 1.323 fréttir og greinar um innflytjendur á Íslandi annars vegar og hins vegar um erlent vinnuafli. Tæplega 60% af heildarumfjöllun ársins 2006 varðaði innflytjendur, rúmlega 40% erlent launafólk. Skörun var sáralítill.

Mat var lagt á hvort umfjöllunin hefði verið jákvæð, hlutlaus eða neikvæð um innflytjendur og erlent vinnuafli. Niðurstöður greiningarinnar sýna að nær helmingur heildarumfjöllunarinnar árið 2006 um innflytjendur (48,1%) hafi verið hlutlaus og hvorki talin skapa jákvætt né neikvætt viðhorf í garð innflytjenda. Jákvæð umfjöllun nam 34% (mjög 16,2%, frekar 17,8%) og neikvæð 17,8% (mjög 6%, frekar 11,8%).



Neikvæð umræða blossaði upp í nóvember og bar þá nokkuð á kynþáttafordómum. Í niðurstöðum greiningar á algengustu málaflökum umræðunnar um innflytjendur sérstaklega ber mest á neikvæðri umræðu á vettvangi stjórn mála (26,9%) en minnst í umræðunni um menntamál innflytjenda og erlendra starfsmanna (5,1%). Jákvæð umræða er langmest um menntamálin (72,8%) en síst í stjórn mála umræðunni (19,9%).

Þegar umfjöllunin um erlent launafólk er greind sérstaklega kemur í ljós að langstærstur hluti hennar er hlutlaus (68,8%) en neikvæð umræða meiri en jákvæð svo að munar 5 prósentustigum (18,1% á móti 13,1%).



Innflytjendur - hvalreki eða ógn fyrir landsbyggðina?

Ráðstefna um innflytjendamál og byggðapróun í Hömrum á Ísafirði

Málefni innflytjenda og byggðapróun eru viðfangsefni ráðstefnu sem Fjölmenningarsetur og Háskóla Vestfirjar halda á Ísafirði 26.-28. mars.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra mun setja íbúabing sem verður haldið í tengslum við ráðstefnuna. Á því þingi verður stjórn mála umræðan um innflytjendur og byggðamál tekin fyrir.

Hvað var gert og skilaði það árangri fyrir byggðalagið? Geta sveitarfélög hérlendis nýtt sér reynslu Kanadamanna? Þetta er mjög spennandi.“

„Það er alveg nýtt hér á landi að skoða innflytjendamál í tengslum við byggðamál“, segir Elsa Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenningarseturs.

Elsa Arnardóttir segir að á ráðstefnunni ætli breski sendiherrann Alp Mehmet og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra að lýsa skoðun sinni á þessu, en meðal fyrirlesara séu margir innlendir og erlendir fræðis- og kunnáttumenn á þessu sviði.

„Við horfum til dæmis til reynslunnar í Nova Scotia. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni verður David Bruce sem mun kynna kanadískt verkefni sem fólst í því að laða innflytjendur með markvissum hætti að sveitarfélögum þar sem fólksfækkun var mikil.“

Hægt er að tilkynna um þátttöku á ráðstefnunni með því að senda tölvupóst á radstefna@fjолmenningarsetur.is samkvæmt nánari fyrirhæðum á vef Háskóla Vestfirjar (www.hsvest.is).

Margar spurningar hafa vaknað upp á síðkastið um stöðu innflytjenda og hlutverk stjórnvalda.

- Hafa innflytjendur eitthvað fram að færa til samfélagsins eða eiga þeir að samlagast þjóðfélaginu algerlega?
- Á sama tíma og landsbyggðin glímur við fólksfækkun hafa innflytjendur flust þangað og að einhverju leyti stemmt stigu við þessari þróun. En hver eru áhrifin?

Umfangsmikil ráðstefna um félagsþjónustu

Félagsmálaráðuneytið stendur fyrir ráðstefnu um félagsþjónustu á Nordica hotel dagana 29. og 30. mars næstkomandi.

„Þessi ráðstefna er vafalaust einhver sú viðamesta og fjölbreytilegasta sem haldin hefur verið hér á landi um félagslega þjónustu um langa hríð“, segir Þór G. Þórarinnsson, skrifstofustjóri fjölskylduskrifstofu félagsmálaráðuneytisins, sem hefur umsjón með ráðstefnunni af hálfu ráðuneytisins.

„Ráðuneytið bauð ýmsum aðilum til liðs við sig við undirbúninginn og er afar ánægjulegt hve margir brugðust við og kynna sín störf og verkefni á ráðstefnunni. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að fylgjast grannt með því sem verið er að gera því mikill kraftur býr í því góða fólki sem sinnir félagslegri þjónustu um land allt á hverjum degi.“

Ráðstefnan er haldin í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd, Rauða kross Íslands og fjölmarga hagsmunaaðila sem láta sig félagslega þjónustu varða.

„Ráðstefnunni er ætlað að draga saman og miðla upplýsingum um verkefni, rannsóknir og áætlanir sem varða margvíslega félagslega þjónustu og unnið er að um þessar mundir hér á landi sem erlendis“, segir Þór.

„Þar verður litið til góðra fyrirmynda, sem nokkur reynsla er komin af, þróunarverkefna í mótun, niðurstaðna rannsókna sem gefa vísbendingar um hvert beri að stefna og áætla um ný verkefni. Þannig verður myndaður fjölbreyttur vettvangur upplýsinga um reynslu, þróun og nýjar hugmyndir fyrir alla sem láta sig varða félagslega þjónustu og tengsl hennar við aðra samfélagslega þjónustu.“

Ráðstefna á Nordica hotel 29. – 30. mars 2007

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félagslegri þjónustu
Gildi samþættingar – nýir tímar – ný sýn

Samþætting þjónustu er því eitt helsta stef ráðstefnunnar og varðar jafnt félags- og heilbrigðismál sem og menntamál. Hún kallar á samvinnu og samráð, bæði innan einstakra þjónustukerfa og milli þeirra.

Undanfarin ár hefur verið vaxandi áhersla meðal notenda og veitenda á heildstæðar og einstaklingsmiðaðar úrlausnir þar sem einn aðili veitir og er ábyrgur fyrir þeirri þjónustu sem hver og einn þarfnast.

„Fyrirlesarar og málshefjendur í málstofum eru alls um eitt hundrað, þorri þeirra innlendur en einnig koma fyrirlesarar frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Skotlandi. Sökum þessa fjölda verða fimm til sex samhliða málstofur í söllum Nordica báða dagana svo þátttakendur hafa úr nógu að velja. Ég hvet alla sem hafa áhuga á félagslegum málefnum að kynna sér dagskrána og velja sér þá fyrirlestra og málstofur sem vekja áhuga. Þarna gefst einstakt tækifæri til þess að kynnast flestu af því sem efst er á baugi og nýstárlegast í félagslegri þjónustu á Íslandi, annars staðar á Norðurlöndum og raunar víðar.“

Dagskrá ráðstefnunnar er að finna á vefsíðu félagsmálaráðuneytisins (www.felagsmalaraduneyti.is) þar sem skráning fer einnig fram.

Ráðstefnan er opin öllum og aðgangur ókeypis. ■



Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins

21. mars 2007

Ritstjóri:
Þór Jónsson

Umbrot og hönnun:
Arnar Pálsson

Ábyrgðarmaður:
Ragnhildur Arnljótsdóttir

Félagsmálaráðuneytið
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík

Netfang:
postur@fel.stjr.is

Veffang:
www.felagsmalaraduneyti.is